

## Ágæti félagi í Hollvinasamtökum Menntaskólans í Reykjavík!

Enn á ný leitar Hollvinafélagið eftir stuðningi félagsmanna sinna með ósk um tiltekið fjárframlag. Þið hafið áður brugðist vel við, og er það hér með þakkað af heilum hug. Beiðnin hljóðar upp á framlag að upphæð **3.900 kr.** Reikningur berst í heimabanka félagsmanna nú á allra næstu dögum undir heitinu **Valgreiðslur. Gjaldagi er 1. júlí 2018 og eindagi 3. desember 2018.** Valgreiðslubeiðnin fellur svo niður sjálfvirkt **31. desember 2018.**

Hér er um að ræða þriðja Söfnunarátakið í röð frá árinu 2013. Hin tvö fóru fram á árinu 2015 og hið síðara frá maí 2016 og fram til sept. 2017. Sendar eru út millifærslubeiðnir til útskrifaðra nemenda frá árinu 1951 og nú til og með árinu 2017, að þessu sinni til alls 10.544 stúdenta.

Hlutverk Hollvinafélagsins er sem fyrr að vera skólastjórnendum MR til ráðuneytis um hin ýmsu mál og sem höfuðmarkmið að afla fjár til styrktar ýmsum verkefnum skólans svo sem öflun fullkomins tölvu- og tækjabúnaðar af bestu gerð á hverjum tíma. Alls hafa verið frá stofnun Hollvinafélagsins 1. desember 2013 veittir styrkir/gjafir til skólans að upphæð 12,1 m.kr. sem skiptast þannig í timalínu.

- Tölvur í tölvuver I- 29 stk. í ágúst 2015
- Ferðasjóður nemenda MR í desember 2015
- Tölvur í tölvuver II- 29 stk. í ágúst 2016
- Verðlaun til afburðanemenda við skólaslit 2017 í maí 2017
- Endurnýjun netþjóna innranets skólans ásamt þráðlausu nemendaneti við skólaslit 2017 í maí 2017
- Uppfærð líkamsræktartæki í tækjasal á skólalóð í desember 2017

Rætt hefur verið við rektor og stjórnarsýslu skólans um gjöf/framlag að loknu Söfnunarátaki III. Lagt er til að endurnýja tölvukost skólans. Til stendur að fartölvuvæða alla kennara hans, alls um 100 einmenningstölvur og setja samhliða upp dokkur í allar kennslustofur. Til viðbótar fartölvuvæðingunni þarf að endurnýja tölvubúnað í stjórnarsýslu skólans sem og að endurskipuleggja prentunarbúnað allan.

Við það er miðað, að Hollvinafélag skólans komi að þessari fjármögnun að miklu leyti í þessu þriðja Söfnunarátaki sínu. Aðalfundur félagsins, 25. maí sl., samþykkti þá ráðstöfun.

Með góðum kveðjum og ósk um góðar undirtektir!

### Stjórn Hollvinafélags MR 2018 til 2019

Halldór Kristjánsson, formaður  
Brynjólfur Jónsson, meðstjórnandi  
Kristín Heimisdóttir, meðstjórnandi  
Kristrún Heimisdóttir, meðstjórnandi  
Laufey Gunnarsdóttir, ritari  
Ólafur Stephensen, meðstjórnandi  
Ólafur Þorsteinsson, gjaldkeri  
Svana Helen Björnsdóttir, meðstjórnandi  
Yngvi Pétursson, meðstjórnandi